

Tillaga til ályktunar

– Fyrirkomulag 1. deildar karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í 1. deild karla í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þann veg að mótafyrirkomulag deildarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Í 1. deild karla verði leikin tvöföld umferð og leiki hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Að lokinn hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu verði tekið upp umspil milli liðanna sem lenda í 2. – 5. um laust sæti í efstu deild karla. Leikið verði heima og að heiman þar sem liðin í 2. sæti og 5. sæti annars vegar og liðin í 3. sæti og 4. sæti hins vegar mætast í undanúrslitum en úrslitaleikurinn verði á hlutlausum velli.

Lagt er til að töfluröð undanúrslita verði eftirfarandi:

5-2	4-3
2-5	3-4

Lagt er til að ákvæði um nýtt mótafyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi fyrir keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaga KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lögð yrði fram tillaga á ársþingi KSÍ 2022 að mótafyrirkomulagi 1. deildar karla yrði breytt í samræmi við niðurstöðu starfshóps og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Að lokinni hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu verði tekið upp umspil milli liðanna nr. 2–5 um laust sæti í Efstu deild karla. Leikið verði heima og að heiman í undanúrslitum en úrslitaleikurinn verði á hlutlausum velli. Alls fjölgar leikjum í deildinni um 5 eða 4% frá því sem nú er.

Í skýrslu starfshópsins segir m.a.: „Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völlinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara“

Úr skýrslu starfshóps um fyrirkomulag Lengjudeildar karla:

Að mati starfshópsins þá eru þetta kostir keppnisfyrirkomulagsins:

- *Einföld framkvæmd þar sem fyrir eru 12 lið í deildinni.*
- *Einungis fimm auka leikir fyrir deildina, ætti að vera hægt að koma þeim fyrir í lok hefðbundins tímabils þó vissulega séu þar áskoranir eins og leikir í efstu deild karla sem og landsleikjahlé.*
- *Einfalt að breyta til baka í fyrra fyrirkomulag í lok tímabils ef vilji er fyrir því.*
- *Býr til fleiri leiki þar sem mikið er í húfi.*
 - *Þar sem 5. sætið fer í umspil þá eru góðar líkur á að öll félög hafi að einhverju að keppa fram í lokaumferðir (umspil eða forðast fall).*
 - *Enn mikilvægara að enda í 1. sæti og sleppa þannig við umspilið.*
 - *Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara.*

Helsti galli keppnisfyrirkomulagsins að mati starfshópsins er að einungis fjögur lið fá fleiri leiki og einnig ef mögulega þyrfti að þetta mótið til að koma umspilinu fyrir fyrr sem myndi þá þýða aðeins styttra tímabil fyrir önnur lið.

Stjórn KSÍ